

## Skrá 4. Andlát og útfararsíðir

### ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS IV.

#### Inngangsorð.

Þjóðháttaskráningin stefnir að því að afla fróðleiks um trú og siði eigi síður en vinnubrögð og bjargræðisvegi. Oft fylgir þetta hvað öðru eins og fram hefur komið í fyrri spurningaskrá. Sú sem hér birtist er sérstæð að því leyti að hún fjallar um trú og siði eingöngu. Spurt er um sitthvað varðandi andlát og útför en þó síst um of því að á þessu sviði mun margt af heimi þjóðtrúar og þjóðsiða leynast utan alfaravegar hér á landi sem annars staðar. Heitið er á þá sem þessari skrá geta sinnt að tína allt til sem þetta efni varðar því að skiptin við hinn mikla ofjarl allra manna hafa átt ríkari þátt í hugmyndaheimi og vitundar lífi almennings en flest annað.

Þjóðháttaskráningin þakkar góða liðveislu og sendir þessa skrá í trausti þess að þér sjáið yður enn fært að ljá málefninu lið.

Heiti:

Heimili:

Fæðingardagur og ár:

Fæðingarstaður:

Nöfn og fæðingarstaðir foreldra:

Við hvaða sveit eða hérað eru svörin einkum miðuð?

#### **1. a) Hvernig var hið almenna viðhorf til dauðans og hvernig birtist það í orðum og orðtökum:**

(Lífið er fallvalt, Dauðinn gerir ekki boð á undan sér, Allir eru feigir fæddir, Ungur má en gamall skal, Falls er von af fornu tré, Enginn veit hvort augun sjást, þegar hnakkarnir skilja, Forlögumum fresta má en fyrir þau komast ekki, Enginn deyr, fyrr en hann er kallaður, Börnin eru best geymd hjá Guði, Það hrekkst ekki framur fyrir honum, o.s.frv.)?

b) Varð nokkur breyting á afstöðu alþýðu til manns við dauða hans? Getið orða og orðtaka, sem þar að lúta, ef til eru (sbr. Enginn er fulllastaður fyrr en á giftingardeggi né fulllofaður fyrr en á dauðadegi?)

c) Hvernig var viðhorf almennings til þeirra, sem sviptu sig sjálfir lífi? Þekkjast nokkrar sagnir um þá, viðskilnað þeirra og legstaði?

d) Muna menn álit eldri tíðar í sambandi við dauða óskírðra ungbarna?

e) Þekkjast sagnir um útburði?

#### **2. a) Hvernig óraði menn fyrir feigð af ósjálfráðum áhrifum** (hugboð, klukknahtljómur eða önnur ofheyrn, kláði í il, augum, tungu, gómi t.d.) og hvaða orðum var um það farið (Eg hefi stigið í feigs manns far, það verður ekki langt þangað til ég græt o.s.frv.)?

b) Gat mismæli eða það, að tveimur datt hið sama í hug, bent til feigðar? Voru þar nokkur ráð til varnar?

c) Hvernig sagði mönnum fyrir (örlátur maður varð nízkur og gagnkvæmt, villa á kunnugum stað, slysi eða óhöpp t.d. ) og þekkest orðið feigðarflan í því sambandi?

d) Hvað var talið til feigðarmerkja og hvaða orð voru um þau höfð (sjaldan sýður feigs manns matur á gófi, sjaldan eru fettur í feigs manns búk, sjaldan geispar einn í húsi, þar sem tveir eru nema feigur sé eða fátt í milli, o.s.frv.)?

e) Hvað felst í orðtækinu: Bregður hverjum á banadægri?

- f) Hvernig dreymdi menn fyrir dauða sínum eða annarra?
- g) Hvernig spáðu dýr eða fuglar feigð manna og hvernig var um það rætt (Sjaldan er köttur í feigs manns fleti o.s.frv.)?
- h) Spáðu skorkvikindi (skordýr) feigð með einhverjum hætti?
- i) Spáðu stjörnur eða himintungl feigð öðruvísi en í draumi?
- j) Gat fiskidráttur boðað feigð?
- k) Boðuðu brestir eða högg í húsum feigð, og hvað hétu þau fyrirbæri (vábrestir t.d.)?
- l) Þekkjast sagnir um fyrirburði í kirkjum eða kirkjugörðum, er bentu til feigðar?
- m) Var höfð ótrú á því ef í einhverju brá út af rétttri reglu í kirkju (prestur mismælti sig eða gleymdi t.d.)?
- n) Hvaða atburðir á bæjum eða í athöfnum manna bentu til feigðar (dauði ljóss eða elds t.d.)?
- o) Gat feigð staðið af vissum athöfnum (unnið upp á sjómann á helgum degi t.d.)?
- p) Þekkjast sagnir um náhljóð eða nágól, og hvernig var þeim háttað?
- q) Kunna menn að segja frá því, að svipir manna hafi sézt að þeim lifandi?
- r) Segið frá öðrum fyrirburðum eða feigðarboðum, sem ótaldir eru.

**3. Hvernig var kveðið að orði um það, er ævi manns var komin að þrotum** (Hann á stutt eftir, er langt leiddur, er að syngja sitt síðasta vers, er búinn að vera, að berja nestið, kominn í andlátíð, í andarslitrunum, berst við öndina o.s.frv.)?

**4. a) Kom prestur að banasæng hvers manns til að þjónusta hann?**

- b) Hvaða þátt tók heimilisfólkið í þeirri athöfn?
- c) Var því trúað, að hún myndi leiða til bata eða annarrar lausnar frá þjáníngum?

**5. a) Var nokkurra ráða vöð, er dauðastríð varð óvenju langt eða strangt** (breiða messu-klæðin yfir hinn veika, reisa yfir honum sperrur, rista torfu úr baðstofuþekju, bera yfir hann pott á hvolfi o.s.frv.)?

- b) Var algengt að taka veika menn til bænar af prédikunarstóli?
- c) Hvaða orð áttu menn um langt dauðstríð (gjörningalíf, það er eins og öndin geti ekki skilið við hann o.s.frv.)?

**6. a) Gerðu menn munnlega ráð fyrir sínu húsi, sem sagt var, á banasænginni?**

- b) Tóku menn þær ráðstafanir og önnur orð deyjandi manna yfirleitt til greina?
- d) Stöfuðu óhöpp af, ef út af var brugðið?

**7. Þekkjast dæmi þess, að menn hafi vitað banastund sína fyrir?**

**8. a) Komu ættingjar eða vinir hins veika að banasæng hans til að kveðja?**

- b) Voru þær kveðjur með nokkrum sérstökum hætti?
- c) Var reynt að lesa eða segja hinum sjúka eitthvað til hugarhægðar?

**9. a) Var talað um viss feigðarmerki undir andlátíð (feigð í augum t.d.)?**

- b) Var sérstaklega tekið eftir orðum manna eða svip í andlátinu?
- c) Var rósamur svipur dáins manns talinn bera vott um góðan viðskilnað og sáluhjálp?

**10. a) Hvað var hrygla devjandi manns kölluð (dauðahrygla eða annað)?**

- b) Hvað voru síðustu andartök manns kölluð (andvörp eða annað)?
- c) Kom það fyrir að svipur manns sæist um leið og hann skildi við?
- d) Þekktist sú trú, að svipur látins manns kæmi á alla þá bæi, sem hann hafði komið á í lifanda lífi?

**11. a) Var spegill borinn fyrir vit látins manns ef dauðamörk voru ekki greinileg?**

- b) Vita menn dæmi þess, að spegeli hafi verið snúið við í herbergi, sem maður var að deyja í og þá í hvaða tilgangi?
- c) Þekkjast sagnir um það, að menn hafi verið kviksettir eða bjargast frá því á síðustu stundu?
- d) Gerðu sumir ráðstafanir gegn þeim örlögum og þá á hvern hátt?

**12. a) Hver voru fyrstu viðbrögð næstaddra, þegar maður hafði gefið upp öndina** (signt á enni og brjóst t.d. og sagt: Guði sé lof gefandi honum (henni) eða annað)?

- b) Hvað var sagt, þegar frétt barst um mannlát ("Friði hann Guð" t.d. eða annað)?
- c) Var gluggi opnaður á herbergi, sem maður skildi við í?
- d) Hver veitti nábjargir (heimilisfaðir eða annar), og hét verkið nokkru öðru nafni?
- e) Hvernig voru manni veittar nábjargir?
- f) Var peningi þrýst á augnalok hins látna ef tregða var á, að þau lokuðust?
- g) Var nokkurt sálmvers sungið við þetta tækifæri?
- h) Var líkið þvegið þegar á eftir og að hve miklu leyti (líkaminn allur eða hluti hans)?
- i) Var sama hvar þvottavatninu var hellt niður, og hét það nokkuð?
- j) Hvað var gert við þvottaklútinn?
- k) Hvernig var hár hins framliðna greitt til grafar?
- l) Hvernig voru lík klædd til grafar?
- m) Áttu menn líkklæði sín tilbúin?
- n) Hvað hét höfuðdúkur framliðinna (náblæja eða annað)?
- o) Hvernig var lík lagt til (hendur krosslagðar á brjósti t.d.)?
- p) Höfðu vissir menn, öðrum fremur, það hlutverk að búa lík til grafar?

**13. a) Var lík hafið úr rúmi og borið fram, þegar búið var að leggja það til eða síðar?**

- b) Var nánustu aðstandendum og nábúum boðið að vera þar við?
- c) Var sunginn sálmur við það tækifæri?
- d) Hvernig var staðið að því að bera líkið fram?
- e) Hvenær var brennt heyi (hroða) úr rúmi hins látna, og hvað hét brennan (nábrenna t.d.)?
- f) Var fleira borið á það bál og einhverjir sérstakir siðir tengdir við það?
- g) Hvar var lík látið liggja á líkbörum og í hvaða átt sneri höfuð?
- h) Hvað hétu fjalir sem lík hvíldi á fram að kistulagningu (líkfjalir, líkbörur eða annað)?
- i) Var sálmabók, eða önnur guðsorðabók, látin liggja á brjósti hins látna?
- j) Var hún höfð opin við einhvern vissan sálm?
- k) Fylgdi hún hinum látna í gröfina?
- l) Var ljós látið loga hjá líki, hve lengi, og hét það nokkuð?
- m) Var vakað yfir líki, meðan það lá á líkbörum, hvað hét sú vaka (líkvaka t.d.) og hve margir önnuðust um hana?
- n) Byrjaði heimilisfólkið daginn á því að krossa yfir líkið, meðan það stóð uppi, og lesa bæn yfir því ("Faðir vor" eða signingu t.d.)?
- o) Gegndi sama máli um gest, sem kom á bæinn?
- p) Hvernig var hægt að losna við líkhræðslu?
- q) Hvernig átti að hlúa að líki, sem fannst rekið af sjó eða á víðavangi?
- r) Var það talið gæfumerki að hlynnu að framliðnum á einhvern hátt?

**14. a) Voru dæmi þess, að menn ættu kistu sína tilbúna löngu fyrir andlátíð?**

- b) Var smíðað utan um á heimili hins látna eða á heimili líkkistusmiðsins?
- c) Notuðu líkkistusmiðir á einhvern hátt sérstök mót eða áhöld við líkkistusmiði?
- d) Var gerð kistunnar að nokkru frábrugðin því, er nú tíðkast, að öðru en lit?

- e) Áttu líkkistusmiðir eða heimili venjulega borðvið í kistusmiði?
- f) Til hvaða ráða var gripið ef við þraut?
- g) Voru nokkrar sérstakar venjur tengdar líkkistusmiði?
- h) Gerði hinn framliðni stundum vart við sig í sambandi við smíði kistunnar og þá á hvern hátt?

**15. a) Átti dáinn maður rétt á nafni barns, sem fæddist meðan hann stóð uppi** (þ.e. var barninu gefið nafn hans)?

- b) Var algengt að skíra nýfædd venslabörn dáins manns við kistu hans?
- c) Var höfð trú á því, að veður færi eftir skapgerð dáins manns, meðan hann stóð uppi?
- d) Var höfð sama trú á veðri á útfarardag og þekkt orðtakið: "Það gefur hverjum eins og hann er góður til" í því sambandi?

**16. a) Var sérstök athöfn, er lík var kistulagt?**

- b) Hvernig var búið um líkið í kistunni?
- c) Voru dæmi þess, að einhverjir munir væru lagðir í kistu hins látna?
- d) Voru nokkrir síðir tengdir því, er líkið var lagt í kistuna?
- e) Hvað var helst sungið eða lesið við þetta tækifæri?
- f) Hvaða gestir voru einkum boðnir til að vera við kistulagningu?
- g) Minntust þeir við hinn látna með kossi eða létu þeir nægja að krossa yfir hann og þá á hvern hátt?
- h) Voru nokkur kveðjuorð sögð um leið?
- i) Var þetta gert við komu eða brottför?
- i) hver gekk frá líkkistulokinu (líkkistusmiðurinn eða annar)?
- j) Hvaða góðgerðir voru bornar fram við kistulagningu?

**17. a) Hve langur tími leið venjulega frá andláti að kistulagningu og frá kistulagningu að jarðarför?**

- b) Hvað hét vatn, sem var látið standa undir líkkistu í heimahúsum (líkvatn t.d.) og í hvaða tilgangi var það haft þar?
- c) Var daglega skipt um það og stóð á sama, hvar því var hellt niður?
- d) Var nokkur breyting á heimilisháttum, meðan lík stóð uppi (gengið hljóðar um bæ t.d.)?

**18. a) Var gerð erfisdrykkja eftir hvern mann, sem dó og átti fyrir útför sinni?**

- b) Var áhyggja margra bundin við það að eiga fyrir útför sinni?
- c) Var einn fremur öðrum í vinaliði hlins látna kjörinn til þess að bjóða í erfið?
- d) Eftir hverju var helst farið í þeim boðum (frændsemi og vináttu t.d.)?
- e) Voru nokkrir sjálfboðnir (prests fjölskylda og fyrirmenn sveitar t.d.)?
- f) Hvernig var boðum komið á framfæri - í athöfn og orðum?
- g) Hvenær hófst sá siður, að allir væru boðnir og velkomnir að jarðarförum?
- h) Voru vissir menn fengnir til að veita erfisdrykkjum forstöðu? Hvað hét starf þeirra (frammistöðumaður, búrkona t.d.) og í hverju var það fólgið?

**19. a) Var gröf alltaf tekin að morgni jarðarfarardags?**

- b) Var nokkur föst regla um val á grafarmönnum (bestu vinir hins látna t.d.)?
- c) Voru grafarmenn jafnframt líkmenn?
- d) Hvað hétu verkfæri grafarmanna (graftól eða annað)?
- e) Átti hvert heimili sinn vissa reit í kirkjugarði, eða voru grafir teknar af handahófi?
- f) Voru öll grafarstæði álitin jafngóð í kirkjugarði eða þótti þar eitt öðru betra (í nánd við kirkju t.d.)?

- g) Voru vissar reglur, sem grafarmenn fóru eftir við verk sitt (lengd og dýpt grafar o.s.frv.)?
- h) Var nokkuð í sambandi viðtöku grafar, sem menn tóku mark á sem forspá?
- i) Hvað hétu bein, sem komu upp úr gröfum (gröftur t.d.) og hvernig var um þau hirt?
- i) Var það á einhvern hátt fyrirboði ef rigndi í opna gröf?
- j) Var grafarmönnum séð fyrir góðgerðum á kirkjustað?

**20. a) Á hvaða tíma dags hófst jarðarför frá heimili?**

- b) Hver bauð boðsgesti velkomna og hvernig féllu þá orð?
- c) Var húskveðja flutt við hverja útför?
- d) Hvaða sálmar voru þá sungnir?
- e) Var kistan borin út áður?
- f) Vita menn dæmi þess að bær hafi verið rofinn til að koma kistunni út og þá í hvaða tilgangi?
- g) Hvað voru líkmenn margir?
- h) Önnuðust þeir um allt sem kistunni viðkom frá því er hún var borin út og þar til gröfin tók við?
- i) Fengu boðsgestir góðgerðir áður en farið var til kirkjunnar?

**21. a) Hvernig voru lík flutt til grafar (um þverbak, á kviktríam eða sleða)?**

- b) Hvað kallaðist hestur sem bar lík til kirkju (líkhestur eða annað)?
- c) Var hvíslað í eyra hests sem átti að bera lík ("þú átt að bera lík" t.d.) og í hvaða tilgangi var það gert?
- d) Hvernig var búið upp á hest er flutt var um þverbak?
- e) Hvernig var búið upp á hesta undir kviktré?
- f) Hvernig var kistan bundin um þverbak?
- g) Hvernig var höfðahlutur kistunnar látinn snúa á hestinum (til hægri eða vinstri)?
- h) Var ábreiðan (brekanið) af rúmi hins látna breidd yfir kistuna?
- i) Studdu líkmenn að kistunni í flutningi?
- i) Skiptust þeir á um það á leiðinni?
- j) Var sunginn sálmur meðan kistan var reyrð böndum?
- k) Var gengið syngjandi á eftir kistunni úr hlaði út fyrir túngarð?
- l) Hvað var þá sungið?
- m) Var numið staðar er farið var fram hjá bæjum á leið til kirkju og sungið sálmvers?
- n) Hvað var þá sungið?
- o) Var þá farið af baki og tekin ofan höfuðföt?
- ó) Söng öll líkfylgdin versíð eða líkmenn aðeins?
- p) Tók heimafólk á bænum þátt í þessari athöfn?
- q) Var sungið með svipuðum hætti er lík var flutt á skipi um leið og það var tekið upp úr skipinu?
- r) Hvaða vers var þá sungið?
- s) Voru sérstakir siðir tengdir líkflutningi á skipum eða sleðum í sambandi við söng, brottför eða flutning?
- t) Hvar var kistan sett niður er til kirkjunnar kom (við sáluhliðið eða fjær kirkjugarðinum)?

**22. a) Hvað hét hringing kirkjuklukkna er lík voru borin í kirkju (líkhringing eða annað)?**

- b) Voru lík alltaf sungin í kirkju?
- c) Hvaða vers var þá sungið?
- d) Gengu söngmenn þá næst kirkjunni?
- e) Hvar skipaði presturinn sér í líkfylgdina?

- f) Tók hann þátt í söngnum?
- h) Hvað kölluðust stólar sem líkkistur stóðu á í kórnum (líkskammel eða annað)?
- h) Var kistunni ekki snúið fyrr en hún var borin úr kirkju?
- i) Var líkræða haldin yfir öllum sem bornir voru í kirkju?
- i) Hvenær hófst sá siður, að leikmenn flyttu kveðjuorð við jarðarfari og hvar voru þau venjulega flutt?
- j) Hve mikið af sálminum "Allt eins og blómstrið eina" var sungið í kirkjunni?
- k) Var áframhald hans sungið er gengið var úr kirkju til grafar?

**23. a) Hvernig var gengið frá kirkju að gröfinni (umhverfis kirkju eða skemmstu leið)?**

- b) Hvernig var staðið að því að koma kistunni ofan í gröfina? Hvað hétu böndin sem til þess voru notuð og hver lét þau í té (kirkjan eða annar aðili)?
- c) Hvað hét starf prests við gröfina (að kasta rekunum eða annað) og hvað hét áhaldið sem það var unnið með (prestaspaði t.d.)?
- d) Var moldausið þegar á eftir?
- e) Hvað var sungið á meðan?
- f) Hvað boðaði það ef rigndi í opnar bækur við gröf?
- g) Var jafnan lagt kapp á að moldausa fyrir sólarlag?
- h) Voru graftólin lögð í kross ofan á gröfina þegar búíð var að moldausa?
- i) Hvenær og hvernig var krossað yfir gröfina?
- i) Var nokkur föst regla við þá athöfn (skyldmenni og bestu vinir fyrst t.d.)?
- j) Var nokkuð sagt, hátt eða í hljóði, við þá athöfn?
- k) Féllu skyldmenni á hné við gröfina til að gera bæn sína?
- l) Hvað var sungið þegar gengið var frá gröfinni?
- m) Var alltaf gengið í kirkju þegar búíð var að moldausa?
- n) Hvað fór þar fram þá (sunginn sálmur, flutt bæn eða ræða t.d.)?
- o) Þótti fólki það illt viti ef það gleymdi einhverju í kirkju við jarðarför?
- ó) Var hugsað sérstaklega fyrir veitingum handa líkmönnum við kirkjuna og þá á hvern hátt?
- p) Voru dæmi þess að líkmönnum væri launað starf þeirra?
- q) Leið langur tími frá jarðarför og þar til leiðið var hlaðið upp?
- r) Hvernig var gengið frá leiðinu í höfuðdráttum og hvar var aflað efnis til þess (hnausar og þökur)?
- s) Voru sum leiði aldrei hlaðin upp?
- t) Þekktust önnur minnismerki á gröfum, yfirleitt, en legsteinar (lík- eða leiðisfjalir t.d.) og hvernig var þeim þá háttað?
- u) Þekkja menn deili þess að hinn framliðni hafi kvartað ef í einhverju fór aflaga með gröf hans?

**24. Lýsið að lokum erfisdrykkju, veisluföngum, sætaskipan, framleiðslu og öðru er markvert má telja. Voru samræður þá með svipuðum hætti og á öðrum mannfundum?**